

FW: Umsókn um lóð í Hamranesi.

Til : Auður Þorkeldsdóttir
Frá : Sigurður Nordal
Heiti : FW: Umsókn um lóð í Hamranesi.
Málsnúmer : 2203366
Málsaðili : Þarfaping hf.
Skráð dags : 14.03.2022 15:31:35
Höfundur : Sigurður Nordal

Viðhengi [image005.jpg](#)[image005.jpg](#)
[142432Skannad skjal 142432.pdf](#)[142432Skannad skjal 142432.pdf](#)
[Gleðipinnar - Hamranes.pdf](#)[Gleðipinnar - Hamranes.pdf](#)
[Hamranes_01_09032022.pdf](#)[Hamranes_01_09032022.pdf](#)
[Þarfaping - Kynning.pptx](#)[Þarfaping - Kynning.pptx](#)
[image002.png](#)[image002.png](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Sæl Auður
Setja á dagskrá bæjarráðs.
Kveðja / SN

Sigurður Nordal

sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
Strandgötu 6

585 5500 / 864 3001

sn@hafnarfjordur.is

hafnarfjordur.is

From: Eggert Jónsson

Sent: föstudagur, 11. mars 2022 13:56

To: Rósa Guðbjartsdóttir ; Ágúst Bjarni Garðarsson ; Sigurður Nordal ; Ívar Bragason

Subject: Umsókn um lóð í Hamranesi.

Sæl og blessuð.

Þarfaping ehf. var stofnað árið 1993 og hefur verið rekið á sömu kennitölu frá upphafi. Frá árinu 2007 hefur fyrirtækið verið með höfuðstöðvar sínar í Drangahrauni 14 í Hafnarfirði, þar sem verkstæði, lager og skrifstofur eru reknar í rúmlega eittþúsund fermetrum.

Fyrirtækið á rætur sína í uppbyggingu verslana og á sér langa sögu með stærstu fyrirtækjum landsins á sviði matvöru, smásölu, veitinga og þjónustu. Í dag er Þarfaping alhliða byggingarverktaki sem hefur áratuga reynslu af framkvæmdum á fjölbreyttum verkefnum á ýmsum sviðum verklegra framkvæmda sem unnin hafa verið fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir á vegum ríkisins. Félagið hefur getið sér gott orð og hefur frá árinu 2012 verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja samkvæmt samantekt Credit info á þeim íslensku fyrirtækjum sem byggja rekstur sinn á sterkum stöðum.

Þarfáþing er eitt þeirra fyrirtækja sem sóttu um þróunarreiti í Hamranesi fyrir um ári síðan. Fyrirtækið uppfyllti vel öll þau viðmið sem gerðar voru kröfur um í ferlinu að því undanskildu að verktími kann að hafa þótt heldur langur. Í dag er verkefnastaða félagsins hins vegar með þeim hætti að líklegt er að hún falli betur að kröfu bæjarins hvað tímalínu framkvæmda varðar. Þarfáþing hefur mikinn metnað fyrir að koma að myndarlegri uppbyggingu bæjarins í Hamranesinu. Í því samhengi lýsir félagið yfir áhuga á viðkomandi reit þ.e þróunarreit 6A.

Við teljum að reitur sá sem um ræðir geti skapað einstakt tækifæri og nauðsynlegan vettvang til að þróa og hýsa miðpunkt verslunar, veitinga og þjónustustarfsemi sem fellur að þörfum íbúa og starfsmanna í nærsamfélaginu í bland við íbúðir, almannarými og deilibíla.

Bakgrunnur félagsins og tengsl við aðila sem eiga og reka verslun, veitingar og þjónustu vinnur án efa með verkefni sem þessu og skapar félaginu ákveðna sérstöðu umfram aðra byggingaverktaka. Náíð samstarf við aðila sem þekkja hvað best til í verslunar- og veitingarekstri er forsenda fyrir því að hugmyndafræði sem þessi geti gengið á svæðinu. Ef til þess kemur mun fyrirtækið hefja strax handa við deiliskipulagsvinnu sem unnin yrði innan þeirra ákvæða sem finna má í rammaskipulagi og aðalskipulagi svæðisins.

Í ljósi þess að Þarfáþing var meðal þeirra aðila sem sótti um þróunarreit á svæðinu en fékk ekki brautargengi vegna langs framkvæmdatíma, óskum við eftir í ljósi breyttra aðstæðna félagsins að fá reit 6A í Hamranesi úthlutað með það að markmiði að styrkja hverfið enn frekar.

Meðfylgjandi eru frumdrög að mögulegri útfærslu reitarins, yfirlýsing frá áhugasömum samstarfsaðila um veitingaþjónustu auk yfirlýsingar frá Landsbankanum og frekari kynningargögn um félagið.

Með kveðju/ Best regards.

Eggert Jónsson
framkvæmdastjóri
Þarfáþing hf.
Drangahraun 14
220 Hafnafjörður
S.568 0059
Gsm 860 0001
eggert@tharfathing.is
www.tharfathing.is